



Skútustaðahreppur

Skólanefnd

6. fundur

10. nóvember 2015

Kl. 13:00-15:00

Mætt: Arnar Halldórsson, Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Þuríður Helgadóttir og Þuríður Pétursdóttir. Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri Yls sat fundinn. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Hólmfríður Jónsdóttir sat fundinn sem fulltrúi kennara sátu fundinn fram að lið 4e. Fulltrúi foreldra boðaði forföll.

1. Húsnæðismál leikskóla – staðan. Starfshópur um aukna rýmispörf á leikskóla ræðir nú tillögur um flutning alls leikskólans Yls í Reykjahlíðarskóla með því að nýta rými smíðastofu í norðurenda, ásamt nýjustu viðbyggingu leikskóla (frá 2011) sem yrði flutt að norðurenda. Reiknað yrði með flutningi smíðastofu í suðurstofu. Samnýting yrði á anddyri, matsal, salernum, vinnuaðstöðu starfsfólks og ákveðnum kennslustofum tímabundið (tölvustofa, litla stofan, heimilisfræði og myndmennt). Miðað við þessa niðurstöðu málsins yrði) væntanlega stærsti kostnaðarliðurinn að girða af núverandi leiksvæði (eða útbúa nýtt svæði). Núverandi leiktæki eru ekki vottuð og þyrfti að nýta tækifærið til að koma því í lag. Fundarmenn fagna framgangi þessa máls og hlakka til að sjá það unnið áfram.
2. Reykjahlíðarskóli.
 - a. Skólanámskrá. Mikill kraftur hefur verið settur í þá vinnu nú á haustönn og hyllir undir að fjögurra ára vinnu við það verði senn lokið. Hugmynd um að setja einstaka tilvitnanir á facebook-síðu til að vekja áhuga foreldra á plagginu. Námskráin er á heimasíðu skólans: <http://myv.is/reykjahlidarskoli/skolanamskra/almennur-hluti/>.
 - b. Starfsáætlun. Vinnsla við hana er langt komin, bekkjaráætlanir enn í vinnslu. Starfsáætlun er á heimasíðu skólans: <http://myv.is/reykjahlidarskoli/skolanamskra/stafsaetlun/>
3. Vinabæjarsamstarf við Sör-Frön. Samstarf hreppsins hefur verið lítið og lítið orðið úr samstarfi skólanna. Skólanefnd óskar eftir skýrari skilaboðum sveitarstjórnar um stefnu í vinabæjarsamskiptum. Ef vilji væri til, mætti byggja tengsl á milli skólanna, en til þess þyrfti að hafa skilgreinda samstarfsaðila innan hvors skóla.
4. Leikskólinn Ylur.
 - a. Tímasetning matartíma í leikskóla. Vilji er til að flytja matartíma fram til 11:30, leikskólastjóri ræði það við matráð.
 - b. Reglur varðandi lyfjagjöf í leikskóla. Umræður urðu um málið, ábyrgð starfsmanna og vörslu lyfja í skólum. Leikskólastjóri og skólastjóri Reykjahlíðarskóla móti reglur um málið í samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.
 - c. Skólanámskrá og hugmyndafræði. Leyfi hefur fengist frá leikskólanum Krógabóli að nýta þeirra sérunna form að námskrá til vinnu námskrár fyrir leikskólann Yl. Uppsetningin er einkar þægileg og hefur nýst í daglegu starfi. Inntak hennar er hugmyndafræðin „Lífsleikni í leikskóla“ sem vilji er til að þróa á Yl. Undirbúningur á innleiðingu lífsleiknikennslu hefst á næsta starfsmannafundi og kennslan á nýju ári. Í kjölfarið verði unnið að námskrárgerð, sem leidd verður af leikskólastjóra með þátttöku allra starfsmanna. Fyrirspurn um almennar skimanir á hreyffærni, málþroska o.fl. Slíkt er til staðar eftir óskum og þá framkvæmt af skólaþjónustunni. Undantekning frá því er „Hljóm II“ sem lagt er fyrir öll

börn á lokaári í leikskóla. Umhugsunarefni er fjöldi fjöltyngdra barna í sveitarfélaginu og hvort þörf sé á frekari skimunum þess vegna. Leikskólastjóri kanni málið hjá öðrum sveitarfélögum.

- d. Starfsáætlun kynnt. Innan hennar er umfjöllun um skipulag vetrarstarfs, meginþema, þjóðgarsáttmála um læsi, íþróttastarf og danskennslu, foreldrasamstarf og skóladagatal. Starfsáætlun samþykkt.
 - e. Könnunarleikur yngstu barna. Leikskólastjóri kynnti verkefnið og lýstu nefndarmenn ánægju með það.
 - f. Fésbókarsíða fyrir foreldra og starfsfólk. Vilji hjá leikskólanum er til að koma slíku á og setja skriflegar reglur um notkun sem og þörf á skriflegu samþykki foreldra. Umræða um friðhelgi og eignarhald Facebook á myndunum. Sambærileg síða er í notkun í grunnskólanum.
 - g. Jafnréttisáætlun leikskóla hefur nú verið unnin og var kynnt.
 - h. Forgangsröðun á inngöngu barna í leikskóla. Leikskólastjóri lagði fram drög að reglum. Miklar umræður urðu um málið. Verði lagt fram til samþykktar á næsta fundi skólanefndar.
 - i. Starfsmannafundur á leikskóla. Leikskólastjóri óskaði eftir að fundirnir verði færðir yfir á dagvinnutíma og leikskólanum því lokað á hádegi einn virkan dag í mánuði. Samþykkt einróma.
5. Önnur mál
- a. Næsti fundur skólanefndar. Verði haldinn 10. desember kl 15.
 - b. Formaður skólanefndar gerir ráð fyrir að fara í fæðingarorlof um miðjan apríl.
 - c. Fjárhagsáætlunargerð. Fyrri umræða er á sveitarstjóranarfundi á morgun.
 - d. Þekkingarsetur í Mývatnssveit. Margrét Hólm Valsdóttir hefur verið ráðin til að vinna áfram með þær hugmyndir fyrir styrk sem fékkst úr Uppbyggingarsjóði Eyþings.

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Arnar Halldórsson
Einar Finnsson
Ingibjörg Melga Jansdóttir
Þuríður Pétursdóttir
Furður Helgadóttir
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir